

Nd.

200. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsima- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Ingólfur Bjarnarson.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Lína frá Ljósavatni að Þóróddsstað. Lína frá Breiðumýri að Máskoti í Reykjadal. Lína frá Yirafjalli að Grenjaðarstað. Lína frá Reykjahlíð að Skútu-

stöðum. Lína frá Ytritungu að Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Laxamýri að Hveravöllum í Reykjahverfi.

Greinargerð.

Á sýslufundi Suður-Pingeyjarsýslu s. l. vetur var tekið til athugunar og rannsóknar, samkvæmt framkomnum óskum úr hjerðinu, hvar brýnust væri þörf nýrra símalína um hjerðið. Er frumvarp þetta flutt í samræmi við tillögur þær og samþykkt, er sýslunefndin gerði í þessu máli.